

Inngangur.

Í vinnustaðanámi er hlutur vinnuveitanda mikilvægur þáttur í því hve vel nemandi gengur að ná hæfni við vinnu. Ef vinnuveitandi nálgast hlutverk sitt sem hæfur og áhugasamur leiðbeinandi ætti það að sjást í meiri árangri nemenda. Verkefninu er ætlað að skýra og móta sveigjanlegt starfsfóstrakerfi svo vinnuveitendur verði betur til þess búnir að styðja nemendur á vinnustað.

Til að þetta megi verða þarf að viðurkenna nokkur skoðunarverð atriði.

- Það hvernig vinnuveitendur skilja hlutverk sitt og framlag til námsins er mismunandi og oft vantar talsvert á það.
- Samband milli skóla og vinnustaða er mismunandi milli landa.
- Ungir nemendur þurfa stuðning við ýmis verkefni sem á að leysa á vinnustað þegar þeir eru í vinnustaðanámi.
- Ekki virðist vera nein formleg þjálfun í boði fyrir vinnuveitendur eða vinnustaði í að styðja nemendur í vinnustaðanámi.

Work Mentor (Starfsfóstra hugmyndin) byggir ofaná samband milli nemanda, kennara og vinnuveitanda með því að veita nútímalegt námskeið í starfsfóstrun fyrir þá sem taka að sér nemendur á vinnustað. Verkefnið nýtir námsefni sem var þróað í fóstur verkefninu IMPLEMENTOR (www.peermmentor.org) og yfirfærir það á aðstæður á vinnustað.

Almennt markmið:

Að yta undir meiri skilning hjá leiðbeinendum á vinnustað hvernig starfsnám fer fram og hvernig hægt er að nýta aðferðir starfsfóstrunar til að styðja ungt fólk í starfsnámi og starfsþjálfun. Þetta mun auka árangur af þjálfun á vinnustað og valda því að vinnustaðanámið skilur meira eftir.

Verkefninu er skipt í átta verkefnapakka sem ná yfir tvö ár. Verkefnapakkar 1 og 2 ná yfir allt tímabilið í formi verkefnastjórnunar og gæðaeftirlits og er á hendi VMA á Íslandi.

Verkefnisfundur 1 (í október 2011, Gower College Swansea í Wales sér um fundinn).

Verkefninu komið af stað, markmiðin staðfest og skert á verkefnapökkum og vinnuaðferðum og farið yfir hvernig á að skila af sér gögnum og afurðum verkefnisins. Gower College Swansea kynnir IMPLEMENTOR sem tæki til að fóstora nemendur og ber það saman við samband milli vinnuveitanda og nemanda í vinnustaðanámi. Niðurstaða fundarins mun meðal annars felast í tillögum að spurningalista til að nota með vinnuveitendum til að koma auga á það hvað þeir telja að ætti að vera í námsefni um starfsfóstrun (þarfagreining).

Eftir verkefnisfund 1 munu samstarfsaðilarnir vinna að **verkefnapakka 3 sem felst í þarfagreiningu** milli 1. nóvember 2011 og 31. janúar 2012. Riverside á Englandi safnar saman niðurstöðunum og vinnur skýrslu til hópsins fyrir verkefnisfund 2 sem verður haldinn í Þrándheimi í Noregi í apríl eða maí 2012.

Verkefnisfundur 2 (verkefnapakki 4 – apríl/maí 2012 Þrándheimi í Noregi).

Hópurinn mun aðlaga fræðsluefni um starfsfóstrun því sem fram kom í þarfa-greiningunni og byggja á Implementor og öðrum verkefnum um fóstrun. **Þessi aðlögun er það sem felst í verkefnapakka 4.** Meðal annars verður notast við litla vinnuhópa til að fínstillast röð af viðfangsefnum sem saman munu mynda námsefni um starfsfóstrun. Fyrir fundinn í Þrándheimi og eftir hann þarf að nota nokkurn tíma til að fara fyrir og færa inn breytingar á hverju tungumáli og miðað við aðstæður í hverju landi. Vefsíða verkefnisins mun skipta þarna talsverðu máli og nýtast til að dreifa gögnum og skila inn öllum skjölum sem unnið er að. Allt þetta þarf að vera tilbúið fyrir verkefnapakka 5 sem er þjálfun í að nota efnið.

Verkefnisfundur 3 (verkefnapakki 5 – ágúst/september 2012 í Nantes, Frakklandi)

Verkefnapakki 5 fer að mestu fram í Nantes seint í ágúst 2012. Þar verður haldið þriggja daga námskeið og notast við gístiaðstöðu í heimavist Jules Reiffel skólans. Nicolas Bizeul og Mireille Rioual (FR) munu skipuleggja námskeiðið og Philip Broomhead og fleiri munu leiðbeina um notkun efnisins með tilvonandi starfsfóstrum. Gert er ráð fyrir 10 – 15 þátttakendum frá 6 löndum

Í lok námskeiðsins mun hvert land tilnefna þá vinnustaði sem ætlunin er að fá þáttakendur frá á námskeið á heimaslóðum. Þannig verði haldin fræðsla fyrir tilvonandi starfsfóstra hjá hverjum skóla sem tekur þátt í verkefninu. 10 í Englandi, 10 í Wales, 10 í Finnlandi, 10 í Frakklandi og 10 á Íslandi. Sá fasi kallast tilraunakennsla.

Verkefnisfundur 4 (verkefnapakki 6 – mars / apríl 2013 í Karis í SV - Finnlandi).

Eftir námskeiðið í Nantes heldur hver skóli námskeið eða útfærir á annan hátt tilraunakennslu á námsefninu á sínum heimaslóðum. Reynslan af notkun efnisins og viðbrögð þátttakenda verða send til Finnlands en Axxell mun samræma þessa tilraunakennslu og taka saman niðurstöðurnar. Gert er ráð fyrir að þessi tilraunakennsla fari fram tímabilið 1. september 2012 – 1. mars 2013.

Tilraunakennslan er verkefnapakki 6.

Niðurstöður og frásagnir af tilraunakennslunni verða sendar til allra aðila áður en að fundinum í Finnlandi kemur. Þar verður farið yfir það hvernig til tókst og hvort ástæða er til að breyta námsefninu í framhaldi af tilraunakennslunni.

Verkefnisfundur 5 (verkefnapakki 7 – september 2013 á Akureyri, Íslandi).

Verkefnapakki 7 sem felst í að lagfæra og þýða lokaútgáfu námsefnisins fer fram millil funda 4 og 5. Þetta þýðir að vorið og sumarið 2013 þarf að lagfæra og uppfæra námsefnið til að það komist á endanlegt form. Á fundinum í Finnlandi verður unnið að þessu í hópum en aðallega með samvinnu á vef verkefnisins og í samskiptum í gegnum tölvur eftir fundinn og fram að fundinum á Akureyri. Ætlunin er að fyrir fundinn á Akureyri verði öll gögn komin á vef verkefnisins og það verði kynnt á fundi og lokaráðstefnu verkefnisins á Akureyri seint í september 2013.

Verkefnapakki 8 felst í útbreiðslustarfsemi. Það merkir að allir þátttakendur í verkefninu þurfa að nota þau tækifæri sem gefast til að kynna verkefnið og það efni sem unnið er með. Hér er átt við að verkefnin verði kynnt innan hverrar stofnunar og í hverju landi eftir því sem unnt er og tækifæri gefast. IFSAT í Hollandi mun stýra þessu og hafa forystu um gögn sem hægt verður að nota við þessa kynningu. Fundir, ráðstefnur, viðtöl og hverskonar samskipti nýtast við þennan þátt verkefnisins en líka formlegri kynning með bæklingum, á vefsíðum og með því að dreifa gögnum um verkefnið.

Lokaafurðir Work Mentor - Starfsfóstra verkefnisins verða tvennskonar. Það eru námsgögn til að nota með þeim starfsmönnum sem munu taka að sér að verða starfsfóstrar og þjálfaðir kennarar sem munu geta þjálfað starfsfóstra í að taka við nemendum í vinnustaðanámi. Námsgögnin verða til reiðu á tungumálum þátttakenda, Ensku, Frönsku, Welsku, Sænsku, Norsku og Íslensku. Vefsíða verkefnisins verður virk eftir að verkefnistímanum lýkur og geymir námsgögnin og ætti að verða gagnleg til langs tíma.

www.workmentor.org

Þátttakendur í verkefninu eru:

Verkmenntaskólinn á Akureyri VMA www.vma.is

Gower College Swansea - Coleg Gwyr Abertawe, Gorseinon, Swansea, Wales
www.gowercollegeswansea.ac.uk

Riverside Training, Hereford, Englandi www.riverside-training.co.uk

Axxell Utbildning AB, Karis, Finnland www.axxell.fi

France Europe, St Herblain Cedex, Nantes, France
www.franceeuropea.ifrance.com

Stichting International Foundation for Sustainable Agriculture Training. **IFSAT**
Hardervijk, Netherlands www.ifsat.eu

Skjetlein Ressurssenter, Leinstrand, Brándheimi, Noregi www.skjetlein.vgs.no